



TRANSITION TO SCHOOL

Position Statement

Sáttmáli um tengsl milli skólastiganna

Alþjóðlegur hópur fræðimanna hefur gefið út yfirlýsingu eða sáttmála um tengsl milli skólastiganna (e. position statement) (Educational Transitions and Change (ETC) Research Group, 2011). Sáttmálinn byggir á þeirri sýn að börn séu mikils megnug og skapandi og hafi þegar lært mikilvæga hluti þegar þau byrja í grunnskóla. Litið er á flutninginn úr leikskólanum í grunnskólann sem tímabil breytinga sem hefst í leikskólanum og lýkur ekki fyrir en börn og fjölskyldur finna að þau tilheyra grunnskólanum. Börn eiga að fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í þessu ferli sem og í eigin námi. Lögð er áhersla á gagnverkandi samskipti sem einkennast af virðingu milli allra þeirra sem málin varða. Námskrá og námsumhverfi skal byggjast á áhuga og aðstæðum barna og taka mið af ólíkum einstaklingum. Farsæl skólabyrjun er talin einkennast af því að börn og foreldrar upplifa að þau tilheyri skólanum og séu mikilvægir þátttakendur í honum; jafnframt að þau líti á skólann sem jákvæðan stað og menntun sem mikilvæga og eftirsóknarverða. Ferli þessara breytinga er talið einkennast af eftifarandi:

1. Tækifæri:

- a. *Börn* fá tækifæri til að halda áfram að móta sjálfsmynd sína og bæta við þekkingu sína, hæfni og skilning í gegnum samskipti við kennara, félagasína og fjölskyldu.
- b. *Fjölskyldur* fá tækifæri til að hafa samstarf við skólann og til að styrkja og styðja við nám og þroska barna sinna.
- c. *Kennarar* fá tækifæri til að byggja upp tengsl við börnin, fjölskyldur, aðra kennara og samfélagið og leggja þannig grunn að markvissu námi og samskiptum. Þeir fá færi á að láta eigin þekkingu í ljósi og bera kennsl á þekkingu annarra.

2. Vonir:

- a. *Börn* vonast til að eignast vini og treysta vináttubönd og fá tækifæri til að læra nýja hluti í öruggu umhverfi.
- b. *Fjölskyldur* vonast til þess að börnunum líði vel og gangi vel í námi og litið sé svo á að fyrri þekking þeirra og reynsla sé mikilvæg.
- c. *Kennarar* vonast til að vinna að faglegu samstarfi við foreldra, annað fagfólk og samfélagið í því augnamiði að skapa styðjandi námsumhverfi fyrir börn.
- d. *Samfélagið* vonast til að geta veitt stuðning og skapa möguleika á að börn eigi jákvæða skólabyrjun.
- e. *Menntastofnanir* og *stefnumótunaraðilar* vonast til að stuðla að jákvæðu breytingarferli og samfelli í námi barna.

3. Væntingar:

- a. *Börn* byrja grunnskólagönguna með þær væntingar að þar muni þau læra og takast á við nýjar áskoranir, þau reikna með að vera með vinum sínum og fá stuðning frá fullorðnum.
- b. *Fjölskyldur* reikna með því að þekking þeirra á börnum þeirra verði metin og virt. Þær vænta þess að skólinn byggi á sterkum hliðum barnanna og viðurkenni ólíkar aðferðir þeirra til náms og þær gera ráð fyrir að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum og vinna í samstarfi við kennara barnanna.
- c. *Kennarar* gera ráð fyrir að vinna með börnum, fjölskyldum og öðrum kennurum við að skapa jákvætt námsumhverfi og fá viðurkenningu og stuðning við það.

- d. *Samfélagið* væntir þess að skólarnir líti á börn sem mikils megnug og hæfa námsmenn, hafi velferð barna að leiðarljósi og stuðli að virkni þeirra og þátttöku.
- e. *Menntastofnanir* og *stefnumótunaraðilar* gera ráð fyrir að öll börn hafi hag af skólagöngu sinn.

4. Réttindi:

- a. *Börn* eiga rétt á gæðamenntun þar sem borin er virðing fyrir hæfni þeirra og bakgrunni.
- b. *Fjölskyldur* eiga rétt á að vera öruggar um að börn þeirra hafi aðgang að menntun sem stuðlar að jafnrétti og velferð barna. Þeir eiga rétt á að á þá sé litið sem mikilvæga samstarfsaðila í námi barna sinna.
- c. *Kennarar* eiga rétt á faglegri viðurkenningu og stuðningi þegar þeir vinna með börnum, fjölskyldum og öðrum fagmönnum að flutningi barna milli skólastiga.
- d. *Samfélagið* gegnir mikilvægu hlutverki við stuðning við menntun barna.
- e. *Menntastofnanir* og *stefnumótunaraðilar* eiga rétt á því að kennarar, fjölskyldur og samfélagið taki höndum saman um að stuðla að vellíðan, námi og þroska barna.